Hringbrautar verkefnið

Framkvæmdafréttir 7 19.10 2018

Byggingarleyfi og skóflustunga að nýjum meðferðarkjarna, framkvæmdir við Læknagarð, bílastæði við Eirberg, opnun Vatnsmýrarvegar og jarðvinna við Barnaspítalann

Fréttir af verkefninu og staða framkvæmda:

1. Skóflustunga að nýjum meðferðarkjarna Landspítala

Skóflustunga var tekin að nýjum meðferðarkjarna Landspítala laugardaginn 13. október. Meðferðarkjarninn er stærsta byggingin í Hringbrautarverkefninu og gegnir lykilhlutverki í starfseminni.

2. Byggingarleyfi vegna byggingar meðferðarkjarna

Byggingarleyfi til að byggja nýjan meðferðarkjarna Landspítala við Hringbraut hefur verið samþykkt hjá Byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar.

3. Framkvæmdir austan Læknagarðs (sjá nr. 1 á korti)

- Framkvæmdir eru hafnar á suð-austur svæði lóðarinnar (austan Læknagarðs) og hefur malarstæðum neðan gömlu Hringbrautar verið lokað. Verktaki stefnir á að færa sig enn lengra til vesturs að Læknagarði og lokast þá fleiri stæði neðan gömlu Hringbrautar. Búið er að opna fyrir ný malbikuð stæði við BSÍ sem eingöngu eru ætluð starfsmönnum LSH og HÍ.
- Engar takmarkanir á umferð

4. Ný bílastæði fyrir sjúklinga við Eirberg (sjá nr. 2 á korti)

- Framkvæmdir við ný bílastæði fyrir sjúklinga vestan Eirbergs eru hafnar. Þar hefur farið fram tenging frárennslis og er þeirri vinnu lokið og vinna við bílastæðin að hefjast. Verktaki þarf að færa þar girðingu út í vegstæðið sem þrengir aðeins að götunni en engar lokanir verða á svæðinu.
- Engar takmarkanir á umferð.

5. Opnun Vatnsmýrarvegar - lagnaframkvæmdir (sjá nr. 3 á korti)

Vatnsmýrarvegur hefur verið lokaður í þrjár vikur vegna lagnavinnu.
Fyrirhuguð opnun er helgina 20.–21. október.

6. Jarðvinna fyrir lagnir við Barnaspítalann (sjá nr. 4 á korti)

- Framkvæmdir vegna jarðvinnu við Barnaspítalann eru hafnar. Sprengingar og brottflutningur efnis er að hefjast þar ásamt lagnaframkvæmdum við gatnamót Laufásvegar og gömlu Hringbrautar. Umfang verksins mun ráða um hvort að þrengja þarf um umferð um Laufásveg eða hvort lokun verði milli gömlu Hringbrautar og Barónsstígs.

Athygli er vakin á að þessi aðgerð er mjög umfangsmikil og lagnaskurður mjög djúpur. Verktaki mun girða svæðið vel af.

- Nú þegar sprengivinna er að hefjast er rétt að vekja athygli á því að leyfilegt er að sprengja þrisvar sinnum yfir daginn, kl 11:00, kl 14:30 og kl 17:30.

Skýringarmynd

Á eftirfarandi korti eru sýndir hringir utan um þau svæði þar sem framkvæmdir standa yfir.



Nánari upplýsingar.

Allar upplýsingar um framkvæmdina verða birtar á upplýsingasíðum NLSH, Landspítala og Háskóla Íslands og annarra hagsmunaaðila eftir því sem verða vill. Einnig mun upplýsingum verða reglulega komið á framfæri í fjölmiðlum ef miklar breytingar verða á umferðarfyrirkomulagi.

Nánari tæknilegar- og verkframkvæmdaupplýsingar veita:

Ásbjörn Jónsson verkefnastjóri NLSH, 841 7050 eða netfangið asbjorn@nlsh.is

Ólafur Birgisson verkefnastjóri FSR, 896 7330 eða netfangið olafur.b@fsr.is
Aðrar almennar upplýsingar veitir Magnús Heimisson samskiptastjóri NLSH, 866 1378 eða magnus@nlsh.is.

Sértækar upplýsingar veitir af hálfu Landspítala Stefán Hrafn Hagalín 897 3644 stefanhh@landspitali.is og frá Háskóla Íslands Björn Gíslason 896 0876 bgisla@hi.is